

# LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA

Langholttsvegur 111, 104 Reykjavík  
Kt.: 600989-4059; Fax: : +3545515835  
Sími: +354-5677111 / +354-6986250.  
Netfang: leb@leb.is  
Heimasíða: www.leb.is

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis

*Alþingi  
Erindi nr. P 138/760  
komudagur 15.12.2009*


Reykjavík 14. janúar 2009

Efni: Umsagnir um mál 239 og 256.

Óskir um umsagnir ofangreindara mála voru teknar fyrir á stjórnarfundi Landssambands eldri borgara þann 9. desember sl. LEB gagnrýnir þann stutta fyrirvara sem er til að veita umsagnir um ofangreind mál. LEB leggur áherslu á að þær skerðingar sem eldri borgarar hafa mátt þola á yfirstandandi ári verði umsvifalaust dregnar til baka. Á fundi sem haldinn var með efnahags- og skattanefnd lögðu fulltrúar LEB fram neðangreindar tillögur :

1. Hækka skal skattleysismörk í 156.000 á mánuði.
2. Frítekjumark verður 120.000 af fjármagnstekjum og/eða atvinnutekjum á mánuði.
3. Verðbætur reiknast ekki til tekna.
4. Greiddar eru fjármagnstekjur af sparifé sem er umfram 5 milljónir.

Fyrir hönd stjórnar LEB,

  
Valgerður Katrín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

